

# Breiðholtsblaðið

Dreift frítt í öll hús í Breiðholti

APRÍL 2019

4. tbl. 26. árg.



## Klístur og koppafeiti í Breiðholtsskóla

Börn af frístundaheimilunum Bakkaseli, Hraunheimum og Regnboganum sýndu atriði úr hinum sívinsæla söngleik Grease, í hátíðarsal Breiðholtsskóla á árlegri leiklistarhátíð 8 til 9 ára barna. Meðal smella sem ómuðu um Bakkana þennan dag má nefna Sumarást, Ýkt elding og Ég vil vera með þér. Á meðfylgjandi mynd má sjá þessi hæfileikaríku börn túlka Sandy, Danny, Rizzo, Kenickie og öll hin, af hjartans list.



Erum á Óðinsgötu 1

Afgreiðslutími:  
Mán: 9.30-16  
Þri-fös: 9.30-18  
Lau 11-16

sjá nánar á facebook.com/Systrasamlagid  
Netverslun: systrasamlagid.is

- bls. 4-5  
Viðtal við  
séra Magnús  
Björn Björnsson



## Þitt hverfi hefur hækkað einna mest síðastliðið ár.

LÁTTU OKKUR SELJA FYRIR ÞIG. Heyrumst **510 7900**

**LIND**  
FASTEIGNASALA  
Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is

# ÓDÝRARI LYF Í HÓLAGARÐI

 **Apótekið**  
-einfalt og ódýrt

Opið: Mán-fös: 10.00 -18.00 • Lau: 10.00 -14.00

## NAUTAKJÖT Á TILBOÐI

Lund 6.875 kr/kg

Gúllas 2.596 kr/kg

Fille 4.991 kr/kg

Piparsteik 3.600 kr/kg

Rib-eye 4.535 kr/kg

Innralæri 4.151 kr/kg

Snitsel 2.752 kr/kg

**SELJAKJÖR**

-KAUPMAÐURINN Á HORNINU-



# Breiðholtsblaðið

Útgefandi: Borgarblöð ehf.

Eiðistorgi 13-15 • 172 Seltjarnarnes • Pósthólf 171

Ritstjóri: Þórður Ingimarsson • Sími 551 1519 • 893 5904

Netfang: thordingimars@gmail.com

Auglýsingasími: 511 1188 • 552 1953 • 895 8298

Heimasíða: borgarblod.is

Netfang: borgarblod@simnet.is

Framkvæmda- og auglýsingastjóri: Kristján Jóhannsson

Umbrot: Valur Kristjánsson

Prentun: Landsprent ehf.

Dreifing: Landsprent ehf.

4. tbl. 26. árgangur

Breiðholtsblaðið er dreift frítt í öll hús í Breiðholti

## Af samgöngu- og sveitarstjórnarmálum

Landmenn eru 357 þúsund talsins. Af þeim búa liðlega 22 þúsund í dreifbýli eða um 6%. Fyrir nokkru var því spáð að íbúum á höfuðborgarsvæðinu mundi fjölda um allt að 70 þúsund á næstu árum. Um yrði að ræða náttúrulega fjölgun, flutninga fólks af landsbyggðinni og þá einkum frá þéttbýliskjörnum þar sem sveitafólki hefur þegar fækkað mikið og síðan fjölgun nýbúa.

Éf þessi framtíðarspá verður að veruleika þarf að koma þessu fólki fyrir. Það þarf húsnæði. Það þarf atvinnu og það þarf tæki til þess að komast leiðar sinnar.

Höfuðborgarsvæðið er á nesi með sjó á þrjá vegu og fjallgarða á hinn fjórða. Af fjölgun fólks innan þeirrar umgjörðar leiðir að byggðir þéttast. Til að bregðast við þeim vanda hafa ný byggingarsvæði verið skipulögð bæði utan núverandi byggðar en einnig innan hennar þar sem af nægu er að taka í hinu dreifða skipulagi höfuðborgarsvæðisins.

Einnig er farið að huga að auknu hlutverki almennings-samganga, þar sem einfaldlega er ekki pláss fyrir sífellt fleiri og fleiri einkabíla. Stöðug fjölgun þeirra leiðir einnig til vaxandi mengunar. Bæði vegna endsneytisbrennslu og ekkert síður vegna svífryk sem verður til þegar hjólbarðar nuddast við malbikaðar götur.

Í þessum efnum er vart hægt að tala um höfuðborgarsvæðið um ánað en eina heild þótt það skiptist í nokkrar rekstrareiningar sem heita sveitarfélög.

Höfuðborgarsvæðið er eitt atvinnu- og þjónustusvæði. Fram hjá því verður ekki litið. Til lengri tíma er ekki fráleitt að líta svo á að það verði gert að einu hverfaskiptu sveitarfélagi þar sem hvert hverfi eða byggðarlag kys sína hverfisstjórn sem fari með ákveðin fjárráð, stjórn og framkvæmd tiltekinna mála – einkum þeirra er nær íbúum liggja. Breiðholt er hentug stærð að því leiti.

# Hagar vilja byggja allt að 400 íbúðir í Norður Mjódd

Fyrirtækið Hagar hyggja á uppbyggingu í Norður Mjóddinni í Breiðholti og hafa forsvarsmenn þess hafið viðræður við Reykjavíkurborg um þróun á landsvæði við Stekkjarbakka. Forsaga þess er að Hagar festu kaup á reit, sem telur tæplega 20 þúsund fermetra, fyrir nokkrum árum. Ólís er með starfsemi á næstu lóð. Eftir sameiningu Haga og Ólís eignaðist sami aðili, það er Hagar báðar lóðirnar og leigusamninga við leigjendur. Samkvæmt hugmyndum Haga er gert ráð fyrir að þarna muni rísa blokkir með allt að 400 íbúðum ásamt aðstöðu fyrir verslun og þjónustu. Garðheimar og Vínubúðin eru á meðal bygginga á þessu svæði en leigusamningar þeirra renna úr árið 2021 eða eftir tvö ár. Ráðgert er að þá hafi náðst samkomulag við Reykjavíkurborg um skipulag á lóðinni.

Samkvæmt fyrsta skipulagi af Norður Mjódd frá 1962 til 1983 var gert ráð fyrir að þar yrði óbyggt útivistarsvæði hugsað til þess að tryggja íbúum í Neðsta hluta elsta Breiðholtshverfisins útsýni. Í grenndarkynningu fyrir Norður Mjódd frá 1974 má finna fyrstu teikningar um nýtingu þessa svæðis undir byggingar. Þar kom meðal annars fram að í Norður Mjóddinni yrði komið fyrir lágum byggingum, sem myndu ekki trufla útsýni úr neðstu húsum Stekkjarhverfis. Um svipað leyti hafði Ólís fengið vilyrði hjá Reykjavíkurborg til að flytja bensinstöð sína sem þá stóð sunnan Álfabakka yfir götuna og verða syðst í Norður Mjódd þar sem hún er nú. Þá voru komnar fram hugmyndir um að reisa hverfisstöð fyrir Strætisvagna Reykjavíkur við Álfabakka og því varð að færa bensinstöðina.

## Úr útivistarsvæði í blandaða notkun og nú íbúðabyggð

Var landnotkun á reitnum norðan bensinstöðvar Ólís breytt úr útivistarsvæði til sérstakra nota í



Myndin sýnir svæðið í Norður Mjódd þar sem hugmyndir eru um að íbúðahverfi rísa frá grunni.

blandaða notkun verslunar- og þjónustusvæðis og útivistarsvæðis til sérstakra nota. Þar var lagt er til að nýtingarhlutfall svæðisins yrði lágt og yfirbragð þess grænt. Hugmyndir forráðamanna Haga ehf. nú eru að við Stekkjarbakka í Mjóddinni, á því svæði þar sem Garðheimar og Vínubúðin eru nú muni rísa blokkir með hátt í 400 minni og stærri íbúðum auk verslunar- og þjónustuhúsnæðis. Er þetta unnið í samráði við hugmyndir og stefnu borgaryfirvalda um þéttingu byggðar. Áform eru um að öllum undirbúningi verða lokið í tæka tíð þannig að framkvæmdir geti hafist á árinu 2021. Hugmyndir eru um að Bónusverslun verði á svæðinu en Bónus er í eigu Haga og einnig bensinstöð. Þá er gert ráð fyrir að stoppistöð fyrir borgarlínuna verði við byggðina þar sem strætómistöðin er í dag.

Laugarnar í Reykjavík



Afgreiðslutíma sundstaða um páska má finna á itr.is



Sími: 411 5000 | www.itr.is



**GARÐS  
APÓTEK**  
- í yfir 60 ár

Hafðu lyfin tilbúin þegar þú sækir  
Pantaðu tiltekt á appotek.is  
eða í síma 568 0990  
Garðs Apótek - í leiðinni

Fáðu lyfin send heim með póstinum  
Pantaðu sendingu á appotek.is  
Garðs Apótek - um land allt

Sogavegi við Réttarholtsveg og Miklubraut  
Opið kl. 9-18 virka daga, lokað um helgar



GARDHEIMAR

# Vorgleði

helgina 13. - 14. apríl

Frábærir gestir, fróðleikur og tilboð

**PÁSKAEGGJALEIT FYRIR KRAKKANA Á LAUGARDEGINUM**  
FYRSTIR KOMA FYRSTIR FÁ


**HESTAFERÐIR FYRIR KRAKKANA MEÐ KRAKKAHESTUM**  
LAUGARDAG OG SUNNUDAG FRÁ 14-16

**RÁÐGJÖF UM MATJURTA OG ÁVAXTARÆKT**  
JÓN GUÐMUNDSON, GARÐYRKJUFRÆÐINGUR,  
VERÐUR TIL SKRAFS OG RÁÐAGERÐAR  
LAUGARDAG FRÁ 14-17

**RÁÐGJÖF UM FRAMKVÆMDIR Í GARÐINUM**  
JÓNAS FREYR HARÐARSON, GARÐYRKJUMAÐUR,  
VEITIR RÁÐGJÖF  
LAUGARDAG OG SUNNUDAG FRÁ 13-17

**RÉTTU GRILLTAKTARNIR**  
HJALTI VIGNIS, GRILLFAÐIR  
KYNIR NÝTT WEBER GRILL  
LAUGARDAG FRÁ 13-17

**PÁSKABLÓMAMARKAÐUR**  
PÁSKAGREINAR, BLÓMVENDIR, BLÓMABÚNT, TETE,  
KRYSI O.F.L. Á FRÁBÆRU VERÐI



GARDHEIMAR

# VIÐTALIÐ

# Unnið að sameiningu prestakallanna í efra og neðra Breiðholti

- Viðtal við séra Magnús Björn Björnsson sóknarprest í Breiðholtskirkju

Séra Magnús Björn Björnsson tók við starfi sóknarprests í Breiðholtskirkju í byrjun árs 2018. Hann var prestur á Seyðisfirði um árabil. Starfaði síðan á vegum alþjóðlegra samtaka, en áður en hann kom til starfa í Breiðholtskirkju hafði hann verið prestur við Digranesarkirkju í Kópavogi í 18 ár. Eiginkona hans er Guðrún Dóra Guðmannsdóttir hjúkrunarfræðingur og eiga þau þrjár dætur og einn son. Séra Magnús spjallar við Breiðholtsblaðið að þessu sinni.

“Ég er Reykvíkingur. Fæddur í Vesturbænum 1952 og ólst þar upp. Var í Melaskóla og Hagaskóla. Fór síðan í Menntaskólann í Reykjavík og eftir stúdentspróf lá leiðin í guðfræðideild Háskóla Íslands þaðan sem ég lauk prófi í guðfræði 1978. Eftir það dvaldi ég um tíma í Noregi við framhaldsnám í hagnýtri guðfræði við Meginhættakirkju í Osló. Er ég kom heim varð ég prestur á Seyðisfirði í átta ár.” Voru ekki viðbrigði fyrir Melabarnið að flytjast til Seyðisfjarðar í allt annað umhverfi. Magnús segir svo ekki hafa verið. “Ég var mikið í sveit á sumrin þegar ég var strákur og leið alltaf vel úti á landi. Þótt nokkuð hafi tekið á í samfélagið eystra þegar síldin hvarf um áratug áður en að ég kom þangað hafði það náð sér ágætlega á strik. Þarna voru gerðir út tveir togarar og það bjuggu um eitt þúsund manns í firðinum á þessum tíma. Þarna var líka öflugt menningarlíf sem maður tók þátt í eins og kirkjukórinn og leikfélagið svo einhvers sé getið. Það var kraftur í Seyðisfirðingum og er. Aðalheiður Borgþórsdóttir sem nú er bærarstjóri á Seyðisfirði

var unglingur þegar ég var prestur fyrir austan og ég man vel eftir henni. Það bjuggu stærkar fjölskyldur í bænum og öflugir einstaklingar sem létu sitt ekki eftir liggja. Ég get nefnt Jónas Hallgrímsson sem var bærarstjóri á árunum 1974 til 1984 og Þorvald Jóhannsson skólustjóri sem tók við bærarstjórnastarfinu af Jónasi. Þótt hvorugur þeirra væri innfæddur Seyðisfirðingur beittu þér sér fyrir hag byggðarinnar. Jónas átti stóran þátt í stofnun fyrirtækisins Austfar. Hann á manna mestan heiður af því að Smyril Line hóf farþegasiglingar frá Noregi og Danmörku til Seyðisfjarðar og kom bænum á kort ferðaþjónustunnar. Þorvaldur starfaði síðan fyrir Samtök sveitarfélaga á Austurlandi og lét sitt ekki eftir liggja í baráttu fyrir bæinn og Austurland. Í dag er skemmtilegt að sjá hvernig Seyðisfirðingur hefur þróast. Bænum hefur verið haldið vel við og öflugt menningarlíf hefur náð að blómstra. Seyðisfirðingur en raunverulegur lista og menningarbær á Austurlandi.”

## Frá Seyðisfirði í alþjóðastarf

Svo ákvaðstu að breyta til. “Já - eftir átta góð ár austur á Seyðisfirði ákváðum við fjölskyldan að yfirgefa staðinn. Mér bauðst starf hjá alþjóðlegum samtökum kristlegs félags heilbrigðisstétta og gerðist svæðisstjóri fyrir Norðurlöndin á þeirra vegum. Þetta var um margt ólíkt prestsstarfinu. Ég ferðaðist talsvert. Fór til Norðurlandanna og Grænlands og einnig til Asíu og Afríku. Þarna kynntist maður öðrum aðstæðum og veruleika



Séra Magnús í prédikunarstólnum í Breiðholtskirkju.

en við búum við hér á landi og þetta var mjög lærdómsríkt. Samtökin starfa alþjóðlega og eru samkirkjuleg. Ég kynntist því fólki hvaðan æva að úr veröldinni. Það opnaði heimili sín fyrir mér og leyfði mér að taka þátt í lífi sínu, fór með mig í kirkjuna sína. Þegar ég horfi til baka þá er ég mjög þakklátur fyrir fólkið sem ég kynntist.”

## Aftur að prestskapnum

“Já - eftir þetta snéri ég mér aftur að prestskapnum. Ég starfaði sem prestur við Fríkirkjuna í Reykjavík í smá tíma, var að leysa af eftir að séra Cecil Haraldsson hætti og þar til séra Hjörtur Magni Jóhannsson núverandi fríkirkjuprestur kom til starfa. Cecil varð síðar prestur á Seyðisfirði og öflugur í bærarfélaginu og forseti bærarstjórnar þar um tíma. Við eigum því báðir sögu að austan. Ég tók svo við starfi sem prestur við Digranesarkirkju í Kópavogi árið 2000 og var þar í 18 ár eða allt þar til að ég kom hingað í Breiðholtið.”

## Sterkur kjarni í söfnuðinum

Magnús segist hafa tekið við góðu umhverfi í Breiðholtskirkju. Starfið sé í mjög góðum skorðum. Séra Gísli Jónasson prófastur starfaði þar um langt árabil. Hann er nú prófastur Reykjavíkurprófastsdæmis eystra með starfsaðstöðu í Breiðholtskirkju. Það er sterkur kjarni í söfnuðinum, sem þykir vænt um kirkjuna sína. Það kemur vel fram í öllu safnaðarstarfi. Mig langar sérstaklega að nefna Hollvínafélag Breiðholtskirkju. Það styrkir starfið með fjárframlögum bæði kaupum á tækjum og efni, t.d. í barnastarfinu.”

## Unnið að sameiningu prestakallanna

Nú er unnið að því að sameina prestaköllin í Neðra og Efra Breiðholti en hugmyndir um það hafa verið að þróast. Magnús segir það vera gert með vaxandi samvinnu á milli safnaðanna.

*Nú er unnið að því að sameina prestaköllin í Neðra- og Efra Breiðholti en hugmyndir um það hafa verið að þróast. Magnús segir það vera gert með vaxandi samvinnu á milli safnaðanna. Þetta sé unnið í rólegheitum. “Hugmyndin er að nýta báðar kirkjurnar. Áfram verði tvö kirkjuhús en samstarf prestanna aukið og þjónustan eflid.”*

Þetta sé unnið í rólegheitum. “Hugmyndin er að nýta báðar kirkjurnar. Áfram verði tvö kirkjuhús en samstarf prestanna aukið og þjónustan eflid.” Magnús segir margt mæla með því að sameina þessi prestaköll. “Neðra og Efra Breiðholt liggja landfræðilega saman og svo eru söfnuðirnir líkir að innri gerð og samsetningu. Margbreytileiki mannfélagsins gerir þá líka. Það er mikið af aðfluttu fólki bæði í Neðra og Efra Breiðholti. Fólk sem hefur komið hingað frá ýmsum löndum og menningarsvæðum og valið sér búsetu hér í Breiðholti. Þetta fólk er komið úr ýmsum kirkjudeildum og tilheyrir einnig öðrum trúarbrögðum.”

## Söfnuðir fólks af ýmsum þjóðernum

Að undanförunu hefur verið unnið að því að mynda söfnuð þar sem fólk af ýmsum þjóðernum getur komið og átt stundir saman í Breiðholtskirkju. Toshiki Toma sem er prestur innflytjenda leiðir þetta starf og hefur starfsaðstöðu hér. Hann er með messu einu sinni í mánuði og heldur bæna- og lofgjörðurstundir oftast. Sumir eru að taka sín fyrstu skref til kristinnar trúar. Í þessum bænastundum gefst fólki tækifæri til þess að bera fram spurningar og tjá sig. “Ég sé fyrir mér að alþjóðlegi söfnuðurinn vaxi og dafni á næstu árum. Fólk líður vel sem sækir stundirnar og þörfin fyrir samfélag og félagsskap er



Séra Magnús, lengst til hægri, ásamt nánnum samstarfsmönnum, Erni Magnússyni organista, Halldóri Konráðssyni kirkjuverði og sr. Toshiki Toma presti innflytjenda.

# RECARO

## Barnabílastólar í úrvali



## BÍLASMIÐURINN HF

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík - Sími: 567 2330 - www.bilasmidurinn.is



Frá göngumessu í Breiðholti, en þær eru í júní. Þá er gengið á milli kirknanna í Breiðholti og messað til skiptis í kirkjunum.

mikil. Breiðholtskirkja er mjög vel staðsett sérstaklega fyrir þá sem ekki eiga bíl. En við sjáum einnig fyrir okkur stóraukið starf meðal íbúa í Breiðholti af erlendum uppruna. Séra Toshiki Toma kemur mjög mikið að málum flóttafólks. Til að vekja athygli á málum þeirra verða tónleikar í Breiðholtskirkju á skírdag kl. 17. Það er ókeypis inn á tónleikana. Kór Breiðholtskirkju flytur tvö ný tónverk sem tengjast flóttafólki.

### Barnastarf og starf eldri borgara

“Við erum með barnastarf hér í kirkjunni. Við erum meðal annars með starf fyrir börn á aldrinum sex til níu ára. Þar æfa þau söng undir stjórn Bjargar Pétursdóttur og Arnar Magnússonar organista. Þau sungu við aftansöng á aðfangadag og gerðu það óskaplega fallega. Það auðgaði stundina og söngurinn snerti við öllum. Á miðvikudögum í hádegjunum

eru fyrirbænastundir. Þar er beðið fyrir fjölda fólks sem er veikt eða er í vanda. Í framhaldinu er starf fyrir eldri borgara. Eftir bænastundina borðar fólk saman og þeir sem kjósa að taka þátt í starfi eldri borgara fara síðan yfir í það. Við byggjum það á þeirri hugsun að maður sé manns gaman.” Síminn hringir og Magnús svarar. Í símanum er kona sem

er að biðja hann um að annast jarðarför. Eftir símtalið berst talið að þeim mikilvæga þætti prests- og kirkjustarfsins. Hann segir að jarðarfari hafi tekið nokkrum breytingum á undanförunum árum. “Nú er orðið meira um að þessar athafnir fari fram í kyrrþey. Til þess geta legið ýmsar ástæður. Ein er sú að kostnaður við jarðarfari er nokkur og þegar

veitingar til fjölmenns hóps bætast við vex hann. Sumar fjölskyldur hafa annast veitingarnar eða erfidrykkjuna sjálfar, en þegar um er að ræða kaup á tilbúinni veislu frá veitingahúsum er oft um umtalsverðar upphæðir að ræða.”

### Gefandi samfélag í Alfa

Alfanámskeiðin ber á góma en Magnús var formaður samstarfsnefndar Alfa hér á landi. En hvað er Alfa? „Þessi námskeið eru haldin á vegum margra kirkna hérlendis og höfða til mjög breiðs hóps fólks. Það hefur komið í ljós að fólk kemur á námskeiðin af margvíslegum hvötum. Sumir vilja kynna sér kristna trú, aðra langar að skoða og rannsaka kristindóminn. Enn aðrir eru að leita svara við grund-

vallarspurningum lífsins, eru nýir í trúnni eða eru efasemdarmenn. Allt þetta hefur komið fram á námskeiðunum. Námskeiðið er mjög aðgengilegt. Fólk byrjar á því að borða saman, svo er fræðsla um kristna trú. Í lokin eru umræður í hópum þar sem rætt er um efni fræðslunnar eða spurningar sem brenna á þátttakendum. Allir þættirnir eru jafn mikilvægir, því samfélagið sem myndast er svo gefandi. Það er gaman að nefna það, að á samfélagskvöldum alþjóðlega safnaðarins hér í Breiðholtskirkju höfum við verið með alfa fræðslu. Hún er á ensku en textuð á farsí, tungumáli frána og Afgana, en þeir eru einmitt fjölmennir í alþjóðlega söfnuðinum í Breiðholtskirkju.”

**APENA**  
HÁRSNYRTISTOFA

Pangbakka 10 (MJÓDD) • Sími: 557-2053

Eitt kort  
34 vötn  
7.900 kr

Frelsi til að veiða!

ÞETTA ER BYRJAD!

[www.veidikortid.is](http://www.veidikortid.is)

# MIKLABORG



Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson  
hdl. og löggiltir fasteignasalar



Jón Rafn Valdimarsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 695 5520



Ólafur Finnogason  
lögg. fasteignasali  
Sími: 822 2307



Bryndís Alfreðsdóttir  
lögg. fasteignasali  
Sími: 569 7024



Gunnar S. Jónsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 899 5856



Gunnar Helgi Einarsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 615 6181



Þórunn Pálsdóttir  
lögg. fasteignasali  
Sími: 773 6000



Ásgrímur Ásmundsson  
hdl. og lögg. fasteignasali  
Sími: 865 4120



Þróstur Þórhallsó  
lögg. fasteignasali  
Sími: 897 0634



Jörunn Skúladóttir  
lögg. fasteignasali  
Sími: 845 8958



Axel Axelsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 778 7272



Atli S. Sigvarðsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 899 1178



Svan G. Guðlaugsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 697 9300



Jason Ólafsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 775 1515



Páll Þórólfsson  
aðstm. fasteignasala  
Sími: 893 9929



Helgi Jónsson  
aðstm. fasteignasala  
Sími: 780 2700



Hilmar Jónsson  
lögg. fasteignasali  
Sími: 695 9500



Ragnheiður Pétursdóttir  
hdl. og löggiltur  
fasteignasali



Harpa Rún Glád  
hdl. og löggiltur  
fasteignasali

Fasteignasalan

## Miklaborg

Lágmúla 4 • 108 Reykjavík • Sími 569 7000  
[www.miklaborg.is](http://www.miklaborg.is)

Með þér alla leið

# PÁSKAFRÍ

## Á BORGARBÓKASAFNINU



Öll menningarhús  
Borgarbókasafnsins  
verða lokuð yfir páskana frá

**18. - 22. APRÍL**

Einnig verður lokað  
sumardaginn fyrsta

**25. APRÍL**

BORGARBÓKASAFNIÐ  
MENNINGARHÚS

www.borgarbokasafn.is  
f Borgarbókasafnið  
@borgarbokasafn

[www.breiðholt.is](http://www.breiðholt.is)

# Opið hús í félagsstarfinu í Gerðubergi

- laugardaginn 27. apríl frá kl. 13:30-15:30.

Öll velkomin - Kaffi og vöffur í boði

Langar þig til að kynna nýju fólki, vinna að þínum eigin hugðarefnum, þá gæti félagsstarf verið eitthvað fyrir þig. Félagsstarf í Gerðubergi hófst árið 1983, fyrst var það eingöngu fyrir þá sem voru komnir á eftirlaunaaldur, en breyttist fljótlega í að vera fyrir alla 18 ára og eldri. Markmið félagsstarfsins er að vera vettvangur fyrir fólk að koma saman, vinna að sínum hugðarefnum í góðum félagskap. Leiðarljós okkar í Gerðuberginu er hugmyndafræðin „Vertu næs“ þetta er það eina sem við biðjum um við þá sem eru hjá okkur.

### Sjálfbærni er lykilatriði

Félagsstarfið í Gerðubergi er bæði valdeflandi og sjálfbært. Valdefling vísar til þess að þó enginn geti gert allt, geta í raun allir gert eitthvað. Hóparnir eru sjálfbærir og saman undirbúa þeir og stýra sínu starfi sjálfir, allir hópar eru opnir fyrir nýjum félögum og vel tekið á móti nýju fólki. Það er of langt mál að telja hvað er í boði í félagsstarfinu, það eru alls konar listgreinar, handavinna, hreyfing, tónlist, þá má líka bara koma við og fá sér kaffi, lesa blöðin og spjalla. Við höfum frá upphafi verið með notendaráð þátttakenda í félagsstarfinu sem geta haft áhrif á starfseminna fyrir hönd notenda þjónustunnar. Þá höfum við líka



Gerðubergskórinn er einn aðall félagsstarfseminnar. Kórinn hefur komið fram víða á ýmum viðburðum í Breiðholti og víðar.

farið í ferðir saman eða á viðburði, nú síðast í mars var farið til að skoða nýja safnið í perlunni og heppnaðist ferðin afar vel. Svo eru líka alltaf fastir viðburðir á hverju ári eins og haust- og vorferð, litlujólín og nýjasta er 17. júní gleði en það var í fyrsta skipti í fyrra og lukkaðist vel svo fólk það um að halda þeim viðburði inni sem fastur liður í félagsstarfinu.

### Allir velkomnir

Félagsstarfið er opið öllum 18 ára og eldri og leggur Helga umsjónarkona áherslu á að hvetja bæði yngra fólk og eldra til að líta við á opna húsið. Félagsstarfið er vettvangur þar sem allir eru velkomnir,

„við vitum að það getur verið erfitt að að stíga fyrsta skrefið og því tilvalið að bjóða ættingja eða vini á opna húsið, kynna sér félagsstarfið og finna sér hóp við hæfi. Hægt er að nálgast upplýsingar um dagskrá félagsstarfsins á Facebook síðunni, Félagsstarfið í Gerðubergi, í smáauglýsingum Morgunblaðsins og inn á fristund.is.

### Opið hús

Laugardaginn 27. apríl næstkomandi verður opið hús hjá okkur í félagsstarfinu í Gerðubergi frá klukkan 13:30-15:30. Þar er öllum velkomið að skoða hvað félagsstarfið hefur upp á að bjóða ásamt því að gæða sér á fríum vöfflum og kaffi.

Fólk getur komið og talað við þátttakendur í hópnum sem eru starfandi. Hvernig hópurinn er, hvenær fólk hittist og hvað gert er meðal þess sem hægt er að spyrja um, eins og áður kom fram er fjölbreytt hópastarfi í boði þannig allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.

Helga Benediktsdóttir,  
umsjónarkona.

## ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Auðbrekku 1, Kópavogi

SÍÐAN 1996



ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA



Sverrir Einarsson



Margrét Á. Guðjónsdóttir



Kristín Ingólfssdóttir



Hannes Ó. Sampsted

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • [www.utforin.is](http://www.utforin.is)

Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

## ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR

Flatahraun 5a • [www.utfararstofa.is](http://www.utfararstofa.is) • Símar: 565 5892 & 896 8242



## Breiðholtsblaðið

Auglýsingasími:

**511 1188**

## HJÁLPARSÍMI RAUÐA KROSSINS

**1717**



- Opinn allan sólarhringinn
- Upplýsingar um úrræði
- Alveg ókeypis (líka úr gsm)
- Kemur ekki fram á símreikning
- Fullur trúnaður
- Ef þér líður illa – ef þú átt í vanda

Rauði kross Íslands

## Í Mjódd á nýjum stað!

Lyfjaval  
APÓTEK

Lyfjaval  
APÓTEK  
var til húsa

Lyfjaval  
APÓTEK  
nú til húsa

Starfsfólk Lyfjaval  
tekur hlýlega  
á móti þér



# Múrefni, flot & flísalím fyrir fagmenn



**MUREXIN Profiflex flísalím**  
 Vatnsþétt og frostþolið flísalím, inni, úti, votrymi og yfir hitalagnir.  
 Þyngd: 25kg  
 Verð: **2.590** kr.



**MUREXIN FM 60 Flexfuga**  
 Frostþolin flísafuga  
 Margir litir  
 Þyngd: 8kg  
 Verð: **2.140** kr.  
 Einnig til í 2kg, verð **795** kr.  
 Einnig til í 25kg, verð **2.890** kr.

## DÚKUR Í DÓS



**MUREXIN rakapéttikvoða**  
 Frábær kvoða fyrir votrymi.  
 7kg – **5.290** kr.  
 14kg – **8.190** kr.  
 25kg – **14.290** kr.



**Weber 4150 Fine Flow**  
 Alhliða flot sem hentar á flest gólf  
 Fullþurt eftir 1-3 vikur  
 Þykktarsvið: 4-30mm  
 Þrýstipól: 30MPa  
 Þyngd: 25kg  
 Verð: **2.670** kr.



**Weber 4160 Rapid Fine Flow**  
 Hraðþornandi flot með auknum styrk.  
 Fullþurt innan 24 klst  
 Þykktarsvið: 2-30mm  
 Þrýstipól: 35MPa  
 Þyngd: 25kg  
 Verð: **3.490** kr.



**Weber 4310 Fibre Flow**  
 Trefjastyrkt flötefni fyrir veikt undirlag.  
 Fullþurt 1-4 vikur  
 Þykktarsvið: 5-50mm  
 Þrýstipól: 25MPa  
 Þyngd: 25kg  
 Verð: **2.990** kr.



**Weber 4630 Duro Lit Útiflot**  
 Hraðþornandi frostþolið i nni/úti flot með háum slitstyrk  
 Lítt umferð eftir 24 klst, fullþurt eftir viku.  
 Þykktarsvið: 7-20mm  
 Þrýstipól: 35MPa  
 Þyngd: 25kg  
 Verð: **4.990** kr.

VINSÆLASTA FLOTIÐ HJÁ OKKUR



**Deka Plan 230 Flötefni**  
 Alhliða flot sem hentar á flest gólf  
 Fullþurt eftir 7-10 daga  
 Þykktarsvið: 2-30mm  
 Þrýstipól: 25MPa  
 Þyngd: 25kg  
 Verð: **2.390** kr.



**Weber Gróf Múrblanda**  
 Fyrir grófari múrviðgerðir, nýsteypu o.s.frv.  
 Þykktarsvið: 10-100mm  
 Þyngd: 25kg  
 Verð: **1.590** kr.



**Weber Milligróf Múrblanda**  
 Múrblanda í almennar múrviðgerðir, inni og úti.  
 Þykktarsvið: 2-10mm  
 Þyngd: 25kg  
 Verð: **1.840** kr.



**Atlas - Inni/úti múr**  
 Hefðbundin frostþolin múr  
 Þykktarsvið: 6-30mm  
 Þyngd: 30kg  
 Verð: **1.470** kr.  
**Atlas Rappmúr**  
 30 kg  
 Verð **1.490** kr.



**Bostik Niboplan BEST þunnflot /sjónflot**  
 Hraðþornandi flötefni sem hægt er að leggja dúk eða parket á eftir 1 dag.  
 Þykktarsvið: 1-15mm  
 Þyngd: 25 kg  
 Verð: **3.490** kr.



**Bostik Ardaflex Top 2 Flísalím**  
 Frostþolið flíslím f. inni, úti, votrymi og yfir hitalagnir  
 Gönguhæft eftir rúmlega 12klst  
 Þyngd: 25kg  
 Verð: **2.850** kr.  
 Fæst í 5kg poka, verð **1.490** kr.

## Mikið úrval af flískerum

Stærðir frá 340mm til 1250mm  
 Verð frá **3.990**



## MUREXIN Uniplatte baðplötur/veggeiningar

Vatnsþolnar, einangrandi og auðvelt að vinna. Henta vel undir flisar.  
 Stærð: 600x2600mm  
 Þykkt: 10, 20, 40 og 60mm  
 Eigum einnig 600x1300x6mm

Gerðu verðsamanburð



## Bauroc milliveggjasteinn

Myglusveppur sest ekki í bauroc milliveggjastein.  
 Auðvelt og fjótleg að hlaða og vinna.  
 Rakapólinn. Hátt hljóðeinangrunargildi (rúmpyngd: 535kg/m<sup>3</sup>) og eldþol (A1)  
 Hagkvæm og umhverfisvæn lausn fyrir alla milliveggi.



**EKKI MYGLA**

<b>Reykjavík</b>	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
<b>Reykjanesbær</b>	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is		



**MÚRBÚÐIN**

Gott verð fyrir alla, alltaf!

# Leiðsögumannaverkefni fyrir flóttafólk

Reykjavíkurdæld Rauða krossins er stöðugt að taka inn nýja sjálfboðaliða fyrir Leiðsögumannaverkefni fyrir flóttafólk. Leiðsögumenn flóttafólks kynnast og aðstoða nýkomna einstaklinga sem hlotið hafa alþjóðlega vernd á Íslandi.

Það eru um 50 leiðsögumannaþör virk í verkefninu. Alls eru 108 full-orðnir einstaklingar í verkefninu og margir eru með fjölskyldur. Flóttafólkið er af 21 þjóðernum og eru fjölmennustu hóparnir frá Kúrdistan, Afganistan og Sýrlandi. Atli er leiðsögumaður fyrir Hassan, sem kom nýlega frá Sýrlandi: "Það hefur verið mjög 'inspírerandi' að

kynnast einhverjum sem ég hefði annars ekki kynnst," segir Atli. Hassan segir: "Atli lætur mér líða eins ég sé hluti af fjölskyldu. Hann kynnir mig fyrir samfélaginu og hjálpar mér við hvaðeina."

Leiðsögumaðurinn verður vinur þess nýkomna, svarar spurningum um lífið á Íslandi, æfir íslensku eða ensku, talar um íslenska menningu og/eða aðstoðar við praktísk úrlausnarefni eins og atvinnuleit, skólaumsóknir og þýðingu bréfa sem berast á íslensku. Leiðsögumannaþörin hittast yfir eins árs tímabil, vikulega eða aðra hverja viku. Þörlin geta t.d. hisst á bókasafninu, á kaffihúsi, heima

hjá hver öðrum, eða hvar sem hentar best.

Markmið verkefnisins er að styðja hina nýkomnu til sjálfstæðis í nýju landi með því að gera þeim kleift að nýta hæfileika sína og þau tækifæri sem eru fyrir hendi til að farnast vel á Íslandi.

Hulda er leiðsögumaður fyrir Ramadan og Anifu og börnin þeirra. Anifa og Ramadan líta nú á Huldu sem hluta af fjölskyldunni. "Við vinnum að praktískum hlutum, t.d. leitum að vinnu og könnum hvernig hægt sé að fá erlent bílpróf viðurkennt, en við gerum líka margt skemmtilegt saman. Alltaf þegar ég og börnin mín ætlum að stoppa stutt hjá Anifu og Ramadan endum við á að vera í nokkra klukkutíma, tíminn flýgur áfram," segir Hulda.



Guðrún, Vera og Marco.

© Mynd: Gabrielle Motola.

## Samskiptum eftir að verkefninu lýkur

Mörg leiðsögumannaþaranna halda áfram samskiptum eftir að verkefninu lýkur og í sumum tilfellum verða til vinasambönd, eins og Atli and Hassan. Síðasta vetur fluttu þeir Sveinbjörn og Mohammed TEDx fyrirlestur í Tjarnarbíó þar sem þeir deildi reynslu sinni af verkefninu. Á TEDx fyrirlesturinum tjáði Mohammed sig um hvernig Leiðsögumannaverkefnið hefur haft áhrif á hann: "Eftir eitt ár er verkefninu lokið. Sambandið milli okkar er ekki lengur á milli flóttamanns og leiðsögumanns flóttamanns. Við erum núna nánir vinir. Ég get sagt að verkefnið leiðsögumaður flóttamanns hafi breytt lífi mínu."

Aðrir flóttamenn og leiðsögumenn verkefnisins hafa álíka reynslu. Vera og Spencer og sonur þeirra Marco voru kynnt fyrir Guðrúnu í gegnum verkefnið Leiðsögumenn flóttafólks. Vera: "Guðrún er góður



Hulda, Anifa og Ramadan.

© Mynd: Gabrielle Motola.



Hassan og Atli.

© Mynd: Gabrielle Motola.

vinur og systir fyrir mér. Hún er alltaf til staðar. Hún gerir allt betra." Guðrún er sammála um að hún hefur hjálpað Veru og Spencer að taka þátt í íslensku samfélagi. "Og margar reglur eru óskrifaðar og þau geta spurt mig hvaða spurninga sem er, t.d. um launakjör og leikskóla. Þegar við hittumst vinnum við stundum að ákveðnum verkefnum

eða markmiðum en öðrum stundum hittumst við bara og njótum þess að vera saman. Fjölskyldan mín er orðin fjölskylda þeirra."

Ef þú hefur áhuga á að gerast Leiðsögumaður flóttafólks endilega hafðu samband við Pimm eða Sigrúnu til að skrá þig: [pimm@redcross.is](mailto:pimm@redcross.is) eða [sigrunerla@redcross.is](mailto:sigrunerla@redcross.is).

## Helgi smiður

Annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki.

Gluggar – Gler – Glerlistar – Opnanleg fög  
Pakjárn – Pakkantur – Pakrennur – Niðurföll  
Sólpallar – Skjólveggir – Girðingar  
Skápar – Innréttingar – Parkett – Flísar

Sími: 897 4425

# MotorMax Smurstöð

## Opnunartímar

Virka daga 07:45 til 18:00

Laugardaga 12:00 til 16:00

Engar tímappantánir!

Motormax ehf  
Vatnagörðum 12  
Sími: 545 4040

Við smyrjum bílinn þinn með hágæða **MOTUL** olíum.



# Verður næsta Breiðholt á Keldum

Verður næsta Breiðholt á Keldum. Þetta er spurning sem hefur litið dagsins ljós eftir undirritun nýgerðra kjarasamninga. Í tillögum ríkisstjórnarinnar samhliða samningunum er gert ráð fyrir að ríkið og Reykjavíkurborg komist að samkomulagi um að hefja skipulagningu Keldnals, m.a. með þeim markmiðum um félagslega blöndun íbúa verði að ræða og í framhaldinu verði samið um eignarhald og framkvæmdir.

Keldur eru í eigu ríkisins og þar hefur Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði starfað um áratugi. Um er að ræða 120 hektara land í kringum Keldur auk skika austan Vesturlandsvegur en alls eru þetta um 150 hektarar. Um liðin aldamót



voru uppi hugmyndir um að skipuleggja land Keldna sem atvinnusvæði fyrir þekkingariðnað. Viðræður fór fram á milli ríkis og Reykjavíkurborgar en þær leiddu ekki til niðurstöðu. Nú er þróun Keldnals undir íbúðabyggð á meðal þeirra aðgerða sem stefna á að til þess að greiða úr húsnæðisvanda fólks á höfuðborgarsvæðinu.



**Ynja**  
UNDIRFATAVERSLUN

Glæsibær - Álftheimar 74  
S. 544 4088 - [www.ynja.is](http://www.ynja.is)

## Húsfélagapjónusta Eignaumsjón leiðandi í 17 ár

- ✓ Bókhald og fjármál
- ✓ Húsfélagafundir
- ✓ Mínar síður
- ✓ Húsbók þjónustusaga húss
- ✓ Auk annarrar þjónustu



• EIGNAumsjón [www.eignaumsjon.is](http://www.eignaumsjon.is)

## FALLEGIR LEGSTEINAR



Opið: 10-17  
alla virka daga

Verið velkomin

**Bergsteinar**  
legsteinagerð

Auðbrekku 4, 200 Kópavogi, sími: 537-1029, [www.bergsteinar.is](http://www.bergsteinar.is)

# GÓÐ ÞJÓNUSTA í Grímsbæ við Bústaðaveg



UMHVERFISVÆNAR  
GJAFU- OG NYTJAVÖRUR

**VISTVERA**  
INFO@VISTVERA.IS — VISTVERA.IS

KOMDU Í PIZZU EÐA TAKT'ANA MED HEIM



PIZZERIA - BÚSTAÐAVEGI - 533 1313

italcaffè

Eldofninn

ÁRSÓL

Snyrtivöruverslun - Snyrtistofa  
Sími: 553 1262



**Tímadjásn**  
Gallery Gull

HANNYRÐAVERSLUNIN

**Sporið**

Garn og útsalur  
Mikið úrval  
Sími: 581 2360

TÍSKUVERSLUNIN  
SMART

FLOTTAR VÖRUR Í ST: 36 -58



**Krambúðin**

Opið virka daga 08:00 til 23:30  
Um helgar 09:00 til 23:30

# Hagaselsmálið í ljósi sögunnar

Fyrirhugaðar framkvæmdir á Hagaselsreitnum milli félagsmiðstöðvarinnar í Hólmaseli og Seljakirkju hafa vakið töluverða athygli, en til stendur að reisa átta íbúðir fyrir fólk í þjónustuflokki III. Á svæðinu er félagsmiðstöð, auk

tveggja grunnskóla og leikskóla. Fjallað hefur verið um málið í kvöldfréttatímum og á netmiðlum undanfarna daga, auk þess sem umræður um framkvæmdirnar hafa skapast á meðal íbúa á fésbókarsíðu Seljahverfis. Hátt í þúsund undirskriftir hafa safnast

þar sem lagst er gegn þessum framkvæmdum á svæðinu.

Ekkert samráð hefur átt sér stað milli borgarinnar og íbúa um hvort þessi staðsetning sé heppileg fyrir starfsemi af þessu tagi, eða hvernig þessi síðasti grasblettur svæðisins gæti þróast. Það kemur þó ekki á óvart þar sem samráð af hálfu borgarinnar er sjaldséð á öllum stigum stjórnkerfisins, sama hvert lítið er. Samt sem áður heyrir reglulega stefið frá meirihlutunum: „Raunverulegt, beint lýðræði fæst með reglulegri og góðri upplýsingagjöf, samráði, virkri þátttöku íbúa á öllum stigum ferlisins og mögulegum inngrípum eftir lýðræðislega skilgreinum leiðum í kjölfar upplýstrar umræðu um málefnið.“

Lítið sem ekkert er að marka þessar sífelldu yfirlýsingar meirihlutans. Nærtækt dæmi er sameiningin sem milli leikskólanna Hólaborgar og Suðurborgar sem átti að eiga sér stað en allt það ferli var gert án samráðs frá fyrsta degi. Þau vinnubrögð sköpuðu mikla gremju meðal starfsmanna og foreldra barna á leikskólunum eins og í þessu máli. Líkindin með þessum málum varpa ljósi á yfirgang og samráðsleysi borgarinnar.

## Íbúar ítrekað sakaðir um fordóma

Ég þori að fullyrða að hugur Breiðhyllinga sé sá að fólk sem er hjálparþurfi fái þá aðstoð sem það þarfnast. Því miður hafa íbúar hverfisins hins vegar ítrekað verið sakaðir um fordóma af fulltrúum meirihlutans, en til að útskýra áhyggjur og óánægju

þeirra er mikilvægt að skoða hvernig þróunin hefur verið á „Hagaselsreitnum“ síðustu ár og setja hlutina í samhengi.

Sjálfur vann ég í búsetukjarnanum Rangárseli í nokkur ár og er því vel kunnugur staðhættum. Þar er unnið frábært starf og samvinna íbúa og starfsmanna til fyrirmyndar. Öll samskipti við einstaklinga úr nærumhverfinu voru á jákvæðum og á uppbyggilegum nótum þau fjögur ár sem ég starfaði þar. Fyrstu misseri starfseminnar voru vissulega ekki hnökralaus en fljótlega var farið í að vinna að lausnum og starfið þar nú gengur afar vel.

Í byrjun árs 2017 var hins vegar hafist handa við að koma fyrir öryggisvistun í sama húsnæði, þó engin tenging sé á milli starfsemi búsetukjarnans annars vegar og öryggisvistunarinnar hins vegar. Fyrst um sinn hafði öryggisvistunin í för með sér mikil ónot fyrir íbúa hverfisins og starfseminna sem fyrir var í Rangárseli. Helst má þar nefna tíðar heimsóknir sérsveitar Ríkislögreglustjóra á svæðið. Eins og fleirum, þótti mér, ógnvekjandi að sjá fullvopnaða sérsveitarmenn í svo miklu návígi. Í ljósi framangreinds er ekki skrytið að tortryggni skapist í garð þeirra sem fara með skipulagsvaldið í borginni en ekkert samráð var haft við íbúa þegar öryggisvistunin var sett á laggirnar.

## Ílla gert að saka fólk um fordóma

Þegar ég heyrði um fyrirhugaða uppbyggingu á Hagaselsreitnum fannst mér rétt að upplýsa borgarfulltrúa í Reykjavík, þó á lokuðum fundi, um möguleg viðbrögð íbúa hverfisins í ljósi sögunnar. Ég taldi heiðarlegast að



Egill Þór Jónsson borgarfulltrúi vann um tíma í búsetukjarnanum í Hagaseli og þekkir því vel til starfseminnar.

hefja samtal við íbúa hverfisins og upplýsa þá frá fyrsta degi um hvernig starfsemin væri hugsuð og hlusta á raddir úr nærumhverfinu. Því miður hlutu þessar athugasemdir ekki hljómgrunn.

Það er illa gert að saka fólk um fordóma sem hafa séð sérsveitina, með sínar ógnvekjandi byssur, brjóta sér leið inn í næsta hús oftast en einu sinni. Þessar áhyggjur eru hvorki fordómar né svokallaður „nimby-ismi“ (Not In My Back Yard) heldur tortryggni og vantraust í garð borgaryfirvalda sem virðast skeyta engu um áhyggjur íbúa.

Enn einu sinni mistekst borginni að hafa samráð við íbúa um fyrirhugaðar skipulagsbreytingar. Sýni borgin skilning, auðmýkt og hafi gott samráð við alla hluteigandi aðila frá fyrsta degi aukast líkur á að skipulagsbreytingar verði farsælar.

Egill Þór Jónsson,  
Borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins og breiðhyllingur.

## ALLTAF FULLT BORD AF FERSKUM FISKI OG FISKRÉTTUM

Opið alla virka daga kl. 9 – 18:30.



## ÁFRAM ÍR

# Heiti potturinn

## Sjóður fyrir opið félagsstarf í Breiðholti

Heiti potturinn er fyrir verkefni sem fela í sér nýsköpun og nýbreytni í félagsstarfi í Breiðholti.

Sjóðurinn styrkir einnig eflingu og þróun á verkefnum sem þegar eru í gangi.

### Markmið sjóðsins eru:

- Að auka þátttöku og virkni í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.
- Að auka hlut íþróttaiðkunar og hreyfingar í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.
- Að efla fræðslu og miðlun upplýsinga í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.
- Að rækta félagsauð og auka fjölbreytni í opnu og sjálfbæru félagsstarfi.

### Reglur:

- Umsækjendur séu eldri en 18 ára.
- Verkefnið hafi aðstöðu í Breiðholti.
- Hámarksupphæð styrks er 200.000 krónur.
- Sjálfstæðir hópar, félög eða einstaklingar geta fengið styrk úr sjóðnum.
- Sjóðurinn styrkir ekki verkefni sem er lokið áður en umsókn er send.

Umsóknareyðublað og aðrar upplýsingar eru á <http://reykjavik.is/heitur-pottur>



Skila skal umsóknum fyrir 1. maí og sendist á:

Félagsmiðstöðin Árskógum v/ Heiti Potturinn  
B.t. Anna Bjarnadóttir, Árskógum 4  
109 Reykjavík

Nánari uppl. í síma Félagsstarfsins 535-2700

Ákall um frið – stuðningur við flóttafólk

# Tónleikar í Breiðholtskirkju á skírdag

Ákall um frið nefnast tónleikar Kórs Breiðholtskirkju til stuðnings við fólk á flótta sem fluttir verða kl. 17 á skírdag 18. apríl n.k. í Breiðholtskirkju. Flutt verða tvö verk annað eftir Ingibjörgu Ýr Skarphéðinsdóttur en hitt eftir Birgit Djupedal. Kór Breiðholtskirkju syngur undir stjórn Arnar Magnússonar. Við orgel og klukkuspil verður Guðný Einarisdóttir. Lesarar og einsöngvarar verða úr hópi kórfélaga. Verkin tvö eru ófin með mannlegri sorgarkennd og trúarlegu innsæi og kærleika. Bæði Ingibjörg Ýr og Birgit syngja í Kór Breiðholtskirkju. Tónmenntasjóður kirkjunnar styrkti samningu þessara tveggja tónverka sem voru frumflutt síðastliðið haust í Breiðholtskirkju og nú verður flutningur þeirra endurtekinn. Toshiki Toma prestur innflytjenda segir að ákall um frið eigi að vekja til umhugsunar um stöðu flóttafólks í heiminum og stuðning við það.

Toshiki Toma segir að margt flóttafólk sé þátttakendur í alþjóðlega söfnuðinum í Breiðholtskirkju. Hann segir að fólk sem þjónar málefnum flóttamanna, áhugafólki um málefnið og ekki síst flóttafólki sjálfu verði boðið á tónleikana. „Í þjóðfélagi okkar virðast tvær leiðir vera til staðar að nálgast málefni flóttafólks; pólitísk leið og leið mannúðar. En einnig þriðja leiðin – leið sem listin opnar og hún mun færa hlustendum nýja sýn á málefnið.“ Á tónleikunum í Breiðholtskirkju verða flutt tvö tónverk. Hið fyrra er „Sunnefa-migrant“ eftir Birgit Djupedal og hið síðara er „Þula frá Týli“ eftir Ingibjörgu Ýri Skarphéðinsdóttur. Bæði verkin hafa hugsunina að vera á flótta sem grunnmótíf.

## Friðarbæn Jóhannesar úr Kötllum

Verkið Þula frá Týli er samið við samnefnd ljóð eftir Jóhannes úr Kötllum, sem birtist í ljóðabókinni Sjödægri árinu 1955. Ingibjörg Ýr fléttar einnig textum úr Sálum Biblíunnar og úr fjallræðu Kristis í Matheusarguðspjalli inn í verk sitt. Í verkinu koma fram tveir lesarar af erlendum uppruna sem lesa biblíutexta á sínu móðurmáli. Þula frá Týli er samin fyrir átta radda kór og orgel, þrjá einsöngvara, tvo lesara, orgelharmóníum og píanó auk klukkuspils kirkjunnar. Ingibjörg Ýr segir að ljóð Jóhannesar úr Kötllum, Þula frá Týli, sé friðarbæn sem snerti á sammannlegum gjörðum og tilfinningum sem geta átt við um hvern sem er, hvar sem er í heiminum. Biblían hafi einnig að geyma fallega og átakanlega texta sem eiga þetta sameiginlegt með þulunni. „Mig langaði til að draga þetta fram í verkinu mínu og því fá þessir textar einnig að hljóma á öðrum tungumálum en íslenskunni. Þó við skiljum ekki alltaf hvort annað erum við í grunninn öll mannverur sem þráum það sama; ást, öryggi og skjól.“

## Saga um heilaga Sunnefu

Birgit Djupedal segir að í verki hennar Sunnefa-migrant sé sögð sagan um írsku dýrðlinginn heilaga Sunnefu sem vegna ofsókna heima fyrir lagði á hafið á báti með sitt fólk án ára eða segls og lætur Drottinn ráða för. Birgit setur söguna í samhengi við bátafólk okkar tíma. Auk forns hymna um heilaga Sunnefu, nýtir hún sér texta úr Ólafs sögu Tryggvasonar hinni mestu. Inn í verkið er einnig fléttað ljóði eftir bresku skáldkonuna Warsan Shire. Verkið Sunnefa-Migrant er skrifað fyrir kór, orgel, einsöngvara, sögumann og átta lesara auk klukkuspils Breiðholtskirkju. „Sunnefa-

migrant er verk sem segir sögu Heilagar Sunnefu frá Írlandi. Sagan á sér stað á 9. öld. Óvinveitt öfl ráðast inn í ríki Sunnefu og hún og fólkið hennar neyðast til þess að flýja. Þau koma á land í Selje í Vestur-Noregi. Norðmennirnir vilja ekkert með þetta aðflutta fólk hafa í landi sínu og vilja meina að þarna séu komnir þjófar og glæpamenn. Þessi saga endurtekur sig víða um heiminn enn í dag. Fólk leggur á flótta vegna þess

að lífið í heimalandinu er óbærilegt og það er ekki um annað að ræða. Ljóðið „Home“ eftir breska ljóðskáldið Warsan Shire tengir söguna um Sunnefu við raunveruleika flóttafólks dagsins í dag og sálmur um Heilaga Sunnefa frá 13. öld er fléttaður inn í verkið. Verkið tvinnar þannig saman hið gamla og hið nýja og varpar ljósi á hliðstæður í fortíð og nútíð.



Birgit Djupedal notar sögu heilagar Sunnefu sem grunn að verki sínu. Sögu um þegar óvinveitt öfl réðust inn í ríki hennar og hún og fólkið hennar neyðast til þess að flýja.

## Samvinnuverkefni í Breiðholti

Viðburðurinn „Ákall um frið“ er samvinnuverkefni Alþjóðlega safnaðarins í Breiðholtskirkju, kórs kirkjunnar og Breiðholtssafnaðar, og er styrktur af Kjalanesprófastsdæmi, Reykjavíkur-



Ingibjörg Ýr sækir efnivið sinn í kvæði Jóhannesar úr Kötllum auk texta úr Biblíunni. Hér spilar hún á langspil í Þjóðlagasetrinu á Siglufirði.

prófastsdæmi vestra, Reykjavíkurprófastsdæmi eystra og biskupsstofu.

Aðgangur á viðburðinn er ókeypis en í staðinn verður áheyrendum gefinn kostur á að styrkja starfsemi Alþjóðlega safnaðarins í Breiðholtskirkju með frjálsum framlögum.

# Sumardagurinn fyrsti í Breiðholti

Frítt er í Breiðholtslaug allan daginn og verður hoppikastali við laugina frá klukkan 10:00-12:00.

Hólmasel:

13:00-16:00

Andlitsmálning, hoppikastalar, lopasleikjÓ og grillaðar pylsur.

13:00 - Leikhópurinn Lotta

14:00 - Siguratriði Breiðholt Got Talent

15:00 - BMX bros



## Eybjört Ísól vann stóru upplestrarkeppnina



Eybjört Ísól Torfadóttir, Guðmundur Kristinn Davíðsson og Sigrún Birna Þórarinsdóttir.

Lokahátíð Stóru upplestrarkeppninnar í Breiðholti fór fram fimmtudaginn 14. mars. Sigurvegari keppninnar í ár varð Eybjört Ísól Torfadóttir í Breiðholtsskóla. Í 2. sæti varð Guðmundur Kristinn Davíðsson úr Ölduselsskóla og Sigrún Birna Þórarinsdóttir í Seljaskóla varð í 3. sæti.

Hátíðin var í alla staði hin glæsilegasta, sigurvegarar síðasta árs kynntu skáld keppninnar og flutt voru falleg tónlistaratriði af nemendum úr Breiðholti. Stjórnandi keppninnar í Breiðholti er Anna María Jónsdóttir kennsluráðgjafi.



## Rauði krossinn leitar eftir sjálfboðaliðum í fjölbreytt verkefni

Rauði krossinn á Íslandi leitar að einstaklingum til að sinna fjölbreyttum sjálfboðastörfum á sviði mannúðarmála um land allt.

Við leitum eftir ábyrgum einstaklingum með fjölbreyttan bakgrunn í verkefni á borð við Konukot, neyðarvarnir, félagsstarf fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd, Hjálparsímann 1717, opið hús fyrir innflytjendur og flóttafólk, námsaðstoð fyrir börn, félagsvini eftir afpláun, ungmennastarf, fatabúðir, þrjónahópa o.fl. Aðrar hæfniskröfur eru eftirfarandi:

- Vilji til að vinna samkvæmt grundvallarhugsjónum Rauða krossins
- Fjölbreytt lífsreynsla og þekking sem nýtist í starfi
- Brennandi áhugi á mannúðarmálum
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Vilji til að auka hæfni, reynslu og efla tengslanet
- Sjálfstæði og frumkvæði

Frekari upplýsingar og umsóknareyðublað má finna á [www.raudikrossinn.is/taktu-thatt/](http://www.raudikrossinn.is/taktu-thatt/)

Tekið er á móti umsóknum allt árið um kring og öllum umsækjendum er svarað.



# Óvenjulegur föstudagur í Fella og Hólakirkju

- tvær söngkonur úr Breiðholti flytja Stabat mater eftir Pergolesi í stað hefðbundinna messu kl. 14.00 á föstudaginn langa

Brugðið verður út af hefðbundnum vana á föstudaginn langa í Fella- og Hólakirkju. Í stað messugjörðar þar sem krossfestingar krists er jafnan minnst á þessum degi ætla tvær söngkonur úr Breiðholti að flytja verkið Stabat Mater eftir Giovanni Battista Pergolesi ásamt sönghópi kvenna úr kirkjunnar. Arnhildur Valgarðsdóttir kórstjóri og organisti mun leika með þeim á píanó, Matthías Stefánsson á fiðlu og Jón Pétur Snæland á selló. Prestar kirkjunnar mun lesa valda kafla úr texta verksins á milli tónlistaratriða.

En hvað er Stabat mater. Stabat mater Dolorosa er latneskt trúarljóð sem segir frá tilfinningum Maríu móður Jesú þegar hún situr við fót krossins eftir að sonur hennar var krossfestur. Tilfinningar Maríu á örlagastundu hafa örvað marga af snillingum tónsögunnar. Einn af þeim var Pergolesi sem fæddist 1710 í Ancona á Ítalíu en dó aðeins 26 ára gamall. Pergolesi var mjög virkur þann skamma tíma sem hann átti í jarðlífinu því hann náði að semja mikið af tónlist. Trúarljóðið sem Pergolesi samdi tónlistina við er eftir Jacopone da Todi, sem var fæddur í Umbria á Ítalíu, nánar tiltekið í fornaldarblænum Todi og var uppi á árunum frá 1230 til 1306. Jacopone er talinn hafa orðið fyrir trúarlegri dulspekilegri reynslu eftir andlát konu sinnar að því að talið er en hún lést af hörmulegum slysförum. Eftir það hóf hann að skrifa trúarleg ljóð á latínu en einnig ítölsku. Ljóð Jacopone eru full af sársauka og sorg en þrátt fyrir þann efnivið tókst Pergolesi að glæða tónlistina ákveðnum léttleika. Það er ekki síst vegna þessara ítölsku tónlistaráhrifa sem trúarljóð sorgarinnar hefur öðlast það líf sem það lifir en verkið hefur verið flutt mjög oft og þar á meðal nokkrum sinnum hér á landi. Talið er að Pergolesi hafi valið texta Jacopone Stabat Mater vegna fegurðar hans og hann skrifað verkið fyrir sópran, alto og strengi.

### Margir tekist á við texta Jacopone

Íslenskir málsnillingar og andansmenn hafa í gegnum tíðina



Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir sópran, Svava Kristín Ingólfssdóttir alt og Arnhildur Valgarðsdóttir organisti og píanóleikari ætla að flytja Stabat mater ásamt Matthías Stefánssyni, Jóni Pétri Snæland í Fella- og Hólakirkju á föstudaginn langa.

tekist á við að umrita texta Jacopone á íslensku og verður þýðing Helga Hálfðánarsonar notuð í flutningi þeirra Kristínar og Svövu í Fella- og Hólakirkju. Af öðrum sem skrifað hafa íslenska texta ná nefna prestana Gísla Björgúlfsson, Matthías Jochumsson og Stefán Ólafsson í Vallarnesi en hann var uppi á 17. öld.

### Föstudagurinn langi, góði, sjötti dagur og dagur undirbúnings

Föstudagurinn langi er einn af stórhátíðisdögum kirkjunnar og að jafnvel sá hátíðlegasti að mati margra guðfræðilærðara manna. Þessi dagur hefur heitið ýmsum nöfnum í aldanna rás en íslenska heitið er nokkuð táknrænt fyrir þann atburð sem minnst er og þann skilning sem við leggjum í það. Tíminn var lengi að líða í hugum fólks frá sólarupprás til sólseturs þegar Kristur var á krossinum. Dagurinn kallaðist löngum dies passionisvisar á latínu visar til þínu Krists og annað heiti bona sexta feria merkir góði sjötti dagur og visar til þess að krossdauðinn hafi verið góðverk mönnum til handa. Enska heitið Good Friday eða föstudagurinn góði á samsvörum í þessu heiti. Heitið parasiteve er komið úr

grísku og merkir undirbúningur en upphaflega er það ættað frá Gyðingum sem nota föstudag til þess að undirbúa sabbatsdaginn.

### Tilvalin á þessum degi

Arnhildur segir að fólk finni fyrir hversu tónlistin er aðgengileg hvað sem textanum líði og sé ástæða þess hversu verkið er vinsælt hvort sem það er flutt með einleikara eða stærri hjómsveitum. Textinn passi líka vel við föstudaginn langa, tilurð hans og túlkun. Tilvalin kirkjutónlist á þessum stóra degi í kristinni kirkju.

*Stóð við krossinn mærin mæra, mændi á soninn hjartakæra, grátin sá, hvar Guðs son hékk.*

*Sorgin önd og sálu marði, svo að brjóstið treginn harði, eins og sverð í gegnum gekk.*

*Biturt hlaustu böl að kenna, blessuð meðal allra kvenna. Drottins, móðir helg og hrein.*

Hér er gripið niður í upphafsferindi Stabat mater í þýðingu séra Matthíasar Jochumssonar þess er samdi þjóðsöng Íslendinga. Sú þýðing verður þó ekki notuð við flutninginn heldur þýðing Helga Hálfðánarsonar.



## Garðatunnan auðveldar þér garðvinnuna!

Garðatunnan er 240 lítra tunna sem íbúar gerast áskrifendur að. Þú pantar Garðatunnuna á [www.gardatunnan.is](http://www.gardatunnan.is), fyllir út beiðni og tunnan verður send til þín. Hún er losuð á tveggja vikna fresti yfir sumarmánuðina og er hægt að sjá losunardaga á [www.gardatunnan.is](http://www.gardatunnan.is). Fáanleg í póstnúmerum: 101-113, 121-172, 200-225 og 270-276.



**GÁMAÞJÓNUSTAN HF.**  
BÆTT UMHVÆRFI - BETRI FRAMTÍÐ

**HUMBAUR**

**Kerrurnar  
frábæru frá  
Humbaur eru  
til á lager!**

**Startrailer 1280**

750 kg. Mál: 205x109.5x30 cm.  
Verð: 121.888 kr. án vsk.

**Gerð 1376**

Opnanleg að framan.  
750 kg. Mál: 205x131x35 cm.  
Verð: 169.355 kr. án vsk.

**Gerð 1374**


Opnanleg að framan.  
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.  
Verð: 201.612 kr. án vsk.

**Gerð 1384**

Sturtanleg.  
750 kg. Mál: 251x131x35 cm.  
Verð: 229.839 kr. án vsk.

**Gerð 1339**

Opnanleg að framan.  
1300 kg. Mál: 303x150x35 cm.  
Verð: 350.807 kr. án vsk.,  
en með skráningu.

**Gerð 2331**

Opnanleg að framan.  
2500 kg. Mál: 303x150x35 cm.  
Verð: 431.452 kr. án vsk.,  
en með skráningu.

**Flatvagnar**

Ýmsar gerðir og stærðir,  
frá 2000 kg. 3.1x1.65m.  
Verð kr: 444.000 kr. án vsk.,  
en með skráningu.

**Topplausnir**

Smiðjuvegi 40 gul gata. Kópavogi.  
Veitum upplýsingar í síma: 517 7718.  
Heimasíða: www.topplausnir.is

## Viðburðaríkur mars

Það má með sanni segja að mars sé einn viðburðaríkasti mánuður ársins hjá félagsmiðstöðvunum í Breiðholti. Rúmlega 100 unglingar ásamt starfsfólki skelltu sér í árlega skíðaferð til Akureyrar. Ferðin var frábær og unglingar Breiðholts til fyrirmyndar í alla staði.

Helgina eftir fór Samfestingurinn fram í Laugardalshöll. Viðburðurinn samanstendur af balli á föstudeginum og söngkeppni á laugardeginum. Samfestingnum er best lýst sem árhátíð félagsmiðstöðvanna á Íslandi en á hátíðin voru rúmlega 4000 unglingar samankomnir ásamt starfsfólki. Frá Breiðholti fóru rúmlega 170 unglingar á hátíðina, þau skemmtu sér konunglega og voru eins og í skíðaferðinni frábær í alla staði.

### María Karitas fékk hvatningarverðlaun Samfés


Keppendur stóðu sig gríðarlega vel og voru unglingar úr 111 sigursælir í borðtennis, billjard, pílu og í fótboltaspili. Marta Karitas úr félagsmiðstöðinni Hólmasel fékk síðan hvatningarverðlaun Samfés eftir frábæra frammistöðu í söngkeppninni. Í lok mánaðarins hélt síðan félagsmiðstöðin Hólmasel fjölmennan foreldrafund fyrir Seljaskóla og Ólduselsskóla um stöðu hverfisins, verkefni félagsmiðstöðvarinnar og framtíðina. Bakkin og 111 stefna á að halda svipaða fundi í sínu hverfi fljótlega.



Krakkar úr Breiðholti láta fara vel um sig í skíðaferð í Hlíðarfjalli.



**TAKK FYRIR  
AÐ FLOKKA**



# Spillivagninn snýr aftur

**Vagninn verður í þínu hverfi í vor og losar þig við spilliefni og raftæki á öruggan hátt**

Lögum samkvæmt er bannað að henda spilliefnum með blönduðum úrgangi. Raftæki sem hafa þjónað sínum tilgangi innihalda oft spilliefni, en einnig ýmis verðmæt efni og jafnvel nýtanlega hluti sem æskilegt er að endurvinnna.

**Hér verður Spillivagninn í þínu hverfi:**

**Breiðholt**, við Breiðholtslaug,  
þriðjudaginn 23. apríl, kl. 15–20.

**Hvað hirðir spillivagninn?**

- Smærri raftæki • Tölvur og síma • Rafhlöður og rafgeyma • Ljósaperur og hitamæla
- Málningu, bón, viðavörn, lím og lakk • Hreinsiefni og lífræn leysiefni • Stíflueyði
- Eitur; skordýra-, rottu- og illgresis • Olíu og feiti ... og ýmislegt fleira.

Sjá nánar á: [spillivagninn.reykjavik.is](http://spillivagninn.reykjavik.is)

**Efnamóttakan hf**

**SORPA**



Reykjavíkurborg

## HEILSUEFLANDI BREIÐHOLT

# Leikum okkur úti með börnunum

Vorið komið, sólin hærra og lengur á lofti og hitastigið fer hækkandi. Þetta eru kjöraðstæður fyrir útiveru og fjölbreytta hreyfingu. Nú er tíminn til að breyta venjum og grípa tækifærin sem vorið og sumarið býður upp á.

Foreldrar þurfa að hvetja börnin sín til útiveru, til að ganga eða hjóla í skólann, leika sér úti, njóta fjölmargra spennandi útvistarvæða í hverfinu eða stunda íþróttir. Hvatning foreldra og samvera þeirra með börnunum sínum við þessa iðju er lykilatriði. Foreldrar í dag þurfa að beita sér af meiri miklu meiri krafti en áður til að fá börn sín til útivistar og hreyfingar vegna aðdráttarfls tölvuleikja og síma. Foreldrar þurfa að kenna börnunum sínum hvernig þau geti notið útivistar, kenna þeim að leika sér úti, fræða þau um undir náttúrunnar og það sem útvistarvæði bjóða upp á. Börnunum þykir fátt skemmtilegra en að leika sér úti með foreldrum sínum. Að njóta útiveru með fjölskyldunni er gott fyrir sál og líkama og leggur um leið grunninn að góðum samskiptum og uppbyggilegu fjölskyldulífi.

Fyrir fullorðna eru nú komnar kjöraðstæður til að ganga, hlaupa eða hjóla til vinnu eða stunda reglulega göngur, hlaup, hjólreiðar, sund eða aðra hreyfingu að lokinni vinnu. Þeir sem stunda reglulega hreyfingu í líkamsræktarstöðvum eru hvattir til að breyta til og hlaupa eða ganga úti í stað þess að fara á hlaupabrettið inni. Þá er góð tilbreyting í því að taka góða þrekæfingu úti í stað þess að svitna í átökum við líkamsræktartækin inni við ef gott er veður.

Regluleg hreyfing í góðum félagsskap hefur afgerandi jákvæð áhrif á líkamlegt ástand, eflir heilastarfsemina og félagslega hæfni okkar.

Þráinn Hafsteinsson  
Verkefnastjóri frístunda- og félagsauðs  
Þjónustmiðstöð Breiðholts



Þráinn Hafsteinsson.

Getraunarnr. 111

Leiknir var stofnað 1973



www.leiknir.com

Austurbergi 1, Efra Breiðholti

## Gera gott félag enn betra

Aðalfundur Íþróttafélagsins Leiknis var haldinn í Leiknisheimilinu, Austurbergi 1, fimmtudaginn 4 apríl. Fyrir fundinn var félögum bent á að kynna sér lög félagsins, sem finna má á heimasíðu þess auk þess sem hægt er að óska eftir að fá þau send.

Aðalstjórn félagsins fer með æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda og mótar starfsemina í aðalatriðum. Aðalstjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum: formanni, gjaldkera, ritara og tveim meðstjórnendum. Stjórnarmenn skipta sjálfir með sér störfum innan stjórnarinnar nema hvað formaður félagsins skal kjörinn sérstaklega. Fyrir fundinn hvöttu forsvarsmenn Leiknis fólk eindregið til að gefa kost á sér í stjórn og formannsstöðu félagsins og gera gott félag enn betra.



## Vortónleikar í Seljakirkju

Kvennakórinn Seljurnar í Seljahverfi efna til vortónleika í Seljakirkju miðvikudaginn 1. maí og hefjast þeir kl. 17:00. Kórinn hefur æft vel að undanförunu og verður bæði fjölbreyttur, léttur og langur lagalisti á efmisskránni.

Stjórnandi kórsins er Svava Kristín Ingólfssdóttir óperusöngkona og aðgangur kostar 2.500 krónur fyrir fullorðna en frítt verður fyrir börn undir 12 ára aldri. Á eftir tónleikunum geta gestir sest niður með kaffi og meðlæti sem verður á boðstólum í safnaðarheimilinu.



Kvennakórinn Seljurnar ásamt Svövu Kristínu Ingólfssdóttir kórstjóra.

www.breidholt.is

Við erum til staðar þegar þú þarft að okkur að halda

Sigrún Óskarsdóttir, guðfræðingur



Útfararþjónusta  
& lögfræðisþjónusta



Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna

Vesturhlíð 9, Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

## Helgiöld páskaanna í Fella-og Hólakirkju

14. apríl

Pálmásunnudagur kl. 11 - Fermingarmessa

Prestar kirkjunnar þjóna og kór kirkjunnar syngur undir stjórn Arnhildar Valgarðsdóttur organista. Matthías Stefánsson leikur á fiðlu.

18. apríl

Skírdagur kl. 11 - Fermingarmessa

Prestar kirkjunnar þjóna og kór kirkjunnar syngur undir stjórn Arnhildar Valgarðsdóttur organista. Matthías Stefánsson leikur á fiðlu.

19. apríl

Föstudagurinn langi kl. 14 - Stabat Mater (María stóð við krossinn)

Kristín Ragnhildur Sigurðardóttir og Svava Kristín Ingólfssdóttir flytja verkið ásamt konum úr kirkjukór Fella-og Hólakirkju. Arnhildur Valgarðsdóttir leikur á píanó og Mátthías Stefánsson á fiðlu. Sr. Guðmundur Karl Ágústsson leiðir stundina. Fyrir stundina spilar Jón Pétur Snæland einleikskafila eftir Bach á selló.

21. apríl

Páskadagur kl. 8 - Árdegismessa

Prestar kirkjunnar og djákni þjóni fyrir altari. Kór kirkjunnar syngur undir stjórn Arnhildar Valgarðsdóttur organista. Kristín R. Sigurðardóttir og Inga J Backman flytja dúettinn **Laudamus te** eftir Vivaldi. Reynir Þormar spilar útspil á saxafón. Að guðspjónustu lokinni er boðið til morgunverðar í safnaðarsal kirkjunnar.

Páskaeggjaleit í sunnudagaskólanum á sama tíma í umsjá Mörtu og Ásgeirs.

# Iðkendur skíðadeildar ÍR á ferð og flugi



Premeningarnir ásamt félögum úr skíðadeild Víkings á Alpe Cimbra mótinu.

Um miðjan mars kepptu þrír ÍR-ingar úr unglingsflokknum skíðadeildar ÍR á einu elsta og stærsta alþjóðlega barnaskíðamóti í Evrópu. Mótið nefnist Alpe Cimbra og var haldið í Folgaria á Ítalíu. Á mótinu kepptu u.þ.b. 400 unglingsmenn frá 42 löndum.

Fulltrúar ÍR á mótinu voru þau Auður Björg Sigurðardóttir, Signý Sveinbjörnsdóttir og Stefán Gíslason. Þau stóðu sig vel og er gaman að segja frá því að Signý startaði mótinu og var fyrsti keppandinn til að renna sér, þ.e. keppandi nr. 1. Premeningarnir fóru á mótið ásamt 6 félögum úr skíðadeild Víkings.

Jafnframt hefur verið mikið um mót hér á landi í vetur. Haldin hafa verið 3 bikarmót, bæði í Bláfjöllum og á Akureyri, og hafa þær Sigríður Dröfn Auðunsdóttir, Halldóra Gísladóttir, Vigdís Sveinbjörnsdóttir og Rakel Kristjánsdóttir verið skíðadeild ÍR til sóma. Stelpurnar hafa unnið til einna gullverðlauna, fjögurra silfurverðlauna og tveggja bronsverðlauna og að auki verið oftast en ekki nálægt verðlaunasæti. Mikil eftirvænting er eftir næstu mótnum og von er á fjölgun í keppnishópi þegar þeir iðkendur sem búa og æfa erlendis koma heim.

## Sumarnámskeið fyrir káta krakka hjá ÍR

ÍR mun bjóða upp á sumarnámskeiðið "SUMARGAMAN" nú í sumar líkt og síðustu ár. Sumargaman er námskeið þar sem lögð er áhersla á hreyfingu, leikgleði, útivist og sköpun. Námskeiðið er fyrir alla krakka á aldrinum 6-9 ára, þ.e. börn fædd 2010 til 2013 og fer það fram á ÍR svæðinu við Skógarsel 12, 109 Reykjavík.

Á námskeiðinu geta krakkarnir valið um tvær brautir, þ.e. íþróttabraut og lista- og sköpunarbraut. Á íþróttabraut munu þátttakendur meðal annars stunda ýmsar íþróttir líkt og handbolta, fótbolta, körfubolta, fimleika og frjálsíþróttir. Á lista- og sköpunarbraut munu þátttakendur meðal annars leggja stund á söng- og leiklist, dans og fönður. Einnig verður farið í ýmsar vettvangsferðir, svo sem ævintýraferðir, sundferðir og bæjarferðir, og munu báðar brautir fara saman í þær. Báðar brautir munu einnig taka þátt í dansstímunum hjá Dansgarðinum í Álfabakka þar sem lögð er áhersla á styrkjandi æfingar, leiki og teygjur fyrir íþróttabraut og skapandi dans og spuna fyrir lista- og sköpunarbraut. Námskeiðið er á tímabilinu 11. júní til 9. ágúst

og skiptist upp í níu námskeiðsvikur. Hægt er að vera heilan dag frá 9-16 og hálfan dag frá 9-12 eða frá 13-16. Boðið er upp á gæslu án endurgjalds fyrir námskeið frá 8-9, í hádegis frá 12-13 og eftir námskeið frá 16-17. Auk þess sem boðið er upp á mat í hádegis. Skráning hefst 17. apríl nk. á heimasíðu ÍR: [www.ir.is](http://www.ir.is). Þátttökugjald fyrir vikuna er 13.000 kr. fyrir heilan dag og 8.000 kr. fyrir hálfan dag, verð fyrir hádegismat mun birtast síðar. Nánari upplýsingar má nálgast á heimasíðu ÍR, [www.ir.is](http://www.ir.is) eða í síma 587-7080.

### Námskeiðsvikur sumarið 2019

1. námskeið 11.-14. júní\*
2. námskeið 18.-21. júní\*
3. námskeið 24.-28. júní
4. námskeið 1.-5. júlí
5. námskeið 8.-12. júlí
6. námskeið 15.-19. júlí
7. námskeið 22.-26. júlí
8. námskeið 29. júlí - 2. ágúst
9. námskeið 6.-9. ágúst\*



Fréttir

Íþróttafélag Reykjavíkur  
Skógarseli 12 • Sími 587 7080  
Tölvupóstur: [ir@ir.is](mailto:ir@ir.is)  
Heimasíða: [ir.is](http://ir.is)

## Hreyfing fyrir eldri borgara í ÍR-heimilinu

ÍR býður eldri borgurum upp á hreyfingu tvisvar sinnum í viku á mánudögum og fimmtudögum í ÍR-heimilinu við Skógarsel 12. Boðið er upp á styrktarþjálfun þar sem faglærður þjálfari heldur utan um æfinguna. Eftir styrktarþjálfunina er síðan farið í boccia.

Jón Sævar Þórðarson heldur utan um æfingarnar en hann hefur viðtæka reynslu sem þjálfari og íþróttakennari og hefur komið að þjálfun eldri borgara í mörg ár. Æfingarnar eru við allra hæfi og eru aðlagðar að getu hvers og eins. Góð heilsa á efri árum auðveldar fólki að lifa sjálfstæðu og fullnægjandi lífi en með líkamsþjálfun má bæta almenna færni og auka sjálfsbjargargetu. Þegar kemur að hreyfingu eldri borgara hefur verið sýnt fram á að markviss þol- og styrktarþjálfun er vænleg til árangurs. Hópurinn æfir saman í ÍR-heimilinu kl. 10 á morgnana og er skipaður góðu fólki. Þátttökugjald 9.000 kr. fyrir tímabilið 15. mars til 31. maí.

Allir velkomnir.

## ÍR-ingurinn Aron Orri valinn í U15 ára landslið drengja í körfubolta

Þjálfarar hópsins völdu 18 manna lokalið fyrir sumarið 2019 og mun hópurinn taka þátt í Copenhagen-Inviational mótnu í Danmörku.

Mótið fer fram í Farum, Kaupmannahöfn dagana 21.-23. júní en hópurinn heldur út þann 20. júní nk.



Aron Orri með boltann.



Sími: 588 9705  
[www.skautaholl.is](http://www.skautaholl.is)

### Opunartímar:

Mánud. Þriðjud. og miðvikud.  
13:00-14:30

Fimmtudaga  
13:00-14:30 og 17:00-19:30

Föstudaga  
13:00-14:30

Laugardaga og sunnudaga  
13:00-17:00

### Skólar og sérhópar:

Mánudag til föstudags 10:00 til 15:00.



Tölvur og gögn ehf.

PC &amp; Mac

þekking og reynsla

- ◊ Office 365 þjónusta
- ◊ Gagnabjörgun og afritun
- ◊ Umsjón tölvukerfa
- ◊ Vefsíðugerð og umsjón
- ◊ Tölvuviðgerðir
- ◊ Tölvur og jaðarbúnaður



Parabakki 3, **Mjódd**  
109 Reykjavík  
Sími: 696-3436  
[www.togg.is](http://www.togg.is)



GETRAUNANÚMER

ÍR ER 109

**nokian**<sup>®</sup>  
**TYRES**

# KEYRÐU Á ÖRYGGI!

## Kauptu Nokian gæðadekk á frábæru verði!

Á Íslandi vitum við að sumarveður getur þýtt allskonar veður. Þess vegna hefur Nokian þróað sumar- og heilsársdekk sem henta fjölbreyttu veðurfari norðlægra slóða og tryggir öryggi farþega bílsins.

FINNDU  
DEKKIN ÞÍN  
Á **MAX1.IS**

VERÐDÆMI:  
**WR D4**  
205/55 R16  
4 stk m/ásetningu  
**67.810 KR.\***

VERÐDÆMI:  
**POWERPROOF**  
235/55 R17  
4 stk m/ásetningu  
**99.900 KR.\***

VERÐDÆMI:  
**WETPROOF**  
205/55 R16  
4 stk m/ásetningu  
**61.010 KR.\***

VERÐDÆMI:  
**ROTIIVA**  
265/70 R17  
4 stk m/ásetningu  
**131.276 KR.\***

\*FAST VERÐ

**MAX1**  
BÍLAVAKTIN

Bíldshöfða 5a  
Reykjavík  
S. 515 7196

Jafnaseli 6  
Reykjavík  
S. 515 7194

Dalshrauni 5  
Hafnarfirði  
S. 515 7182

Opnunartími:  
Virka daga kl. 8-17  
Laugardaga sjá MAX1.IS

**MAX1.IS**